

✉ Re: Ósk um umsögn - tillaga að friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum

Búið til	27.5.2021 15:12:17
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.5.2021 15:12:16
Tilheyrir	📁 202103-0024 - Ósk um umsögn - tillaga að friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum

Efni

Re: Ósk um umsögn - tillaga að friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.5.2021 15:12:16	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-11 Umsagnir um friðlýsingar		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	freyjap@ust.is

Innihald

Sæl,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um friðlýsingatillöguna. Þakkað er fyrir frestinn sem veittur var.

Tilvísun í mál 202103-0024 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. 22. mars 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingu þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Umhverfisstofnunar um þjóðgarðsáformin og ýmsar upplýsingar um verndargildi þjóðgarðsins þann 11. febrúar síðastliðinn. Náttúrufræðistofnun vill taka fram að það sem kom fram í lokakafla þeirrar umsagnar á enn við að mati stofnunarinnar. Þar má nefna tillögu Náttúrufræðistofnunar um að stækka áformuð þjóðgarðsmörk þannig að þau nái yfir fleiri náttúruminjar með hátt verndargildi þ.e.a.s.

- Hina fornu Tjaldaneseldstöð í norðanverðum Arnarfirði.
- Plöntusteingervinga við Seljá vegna mikilvægrar tengingar við Surtarbrandsgilið.
- Óbyggð víðerni Glámu.
- Jarðhitalæk í Reykjarfirði og laugar í Vaðalsdal.
- Fjörupolla við Miðskógarsker á jaðri afmörkunar.
- Stefánsól, friðlýst planta á valista sem er einnig skráð rétt utan við mörk þjóðgarðsins.
- Leirurnar við Vatnsfjörð sem er alþjóðlega mikilvægur áningarstaður vaðfugla t.d. rauðbrystings. Afmörkun þjóðgarðsins fylgir ströndinni í Vatnsfirði en ekki núverandi mörkum friðlandsins.
- Aðrar leirur, strand- og fjöruvistgerðir í botni fjarða.

Í þeirri umsögn var einnig fjallað stuttlega um mögulegar ógnir sem stafa að verndargildi ýmissa náttúruminja vegna áforma um framkvæmdir í vegagerð og hugmyndir um virkjanir í nágrenni Glámu. Þær ábendingar eiga enn við.

Stór hluti af þeim upplýsingum sem stofnunin veitti um verndargildi er nú að finna í auglýsingunni, einkum 1. grein um friðlýsinguna. Frekari upplýsingar sem veittar hafa verið nýttast væntanlega við undirbúning stjórnunar- og verndaráætlunar.

-----

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að auglýsingu að friðlýsingu þjóðgarðsins og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun fagnar því að stefnt sé að stofnun þessa þjóðgarðs. Eins og fram kemur í 1. grein auglýsingarinnar er náttúrufræðistofnunin afar fjölbreytt og verndargildi þess hátt. Fyrir eru þrjú friðlýst svæði sem sameinuð eru undir stærri þjóðgarð. Í því felast tækifæri fyrir markvissari verndun á svæðinu. Tryggja þarf að ekki verði skerðing á þeirri verndun sem felst í núgildandi friðlýsingarskilmálum svæðanna þriggja með því að fella þau inn í þjóðgarð sem er annar friðlýsingarflokkur.

Í 1. grein kemur fram að gulstararfitjavist njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Það er í sjálfu sér rétt þar sem um er að ræða vistgerð sem er í senn í votlendi og á sjávarfitjum en það á einungis við um votlendi sem eru 20.000 m<sup>2</sup> eða stærri og í lagaákvæðinu er heldur ekki minnst á sérstakar vistgerðir. Í setningunni á undan eru taldar upp aðrar votlendisvistgerðir (runnamýravist, starungsmýravist og gulstararflóavist) sem ekki síður falla undir 61. greinina þegar svo ber undir. Framsetning textans hvað þetta varðar í 1. grein getur leitt til misskilnings þannig að þessu ætti að breyta.

Markmið friðlýsingarinnar í 2. grein fela í sér skýr fyrirmæli um að ekki eigi að ganga á auðlindir svæðisins og að nýting innan þess skuli ekki spilla gróðurfari, jarðminjum, landslagi og ásynd þess. Tryggja þarf að heimildir sem felast í ákvæðum í 13. grein um landnotkun og mannvirkjagerð og 14. grein um umferð og dvöl gangi ekki gegn þessum markmiðum.

Í annarri málsgrein 4. greinar er fjallað um þjóðgarðsráð. Þar segir að í ráðinu verði fulltrúar m.a. frá Minjastofnun Íslands og annara fagstofnana. Hvaða fagstofnanir er verið að vísa í hér? Þetta er frekar óljóst. Betra er að það sé skýrt hvaða stofnanir hafa fulltrúa í þjóðgarðsráði.

Í 6. grein um stjórnunar- og verndaráætlun mætti bæta við "og aðrar nytjar" þar sem segir "veiðar".

Í 9. grein eru sérstök ákvæði um að óheimilt sé að raska köldum lindum og lífríki þeirra og að spilla gróðri eða trufla dýralíf. Náttúrufræðistofnun telur að hér mætti einnig nefna fleiri þætti úr lífríkinu sem hafa hátt verndargildi og falla ekki undir ákvæðin sem fyrir eru t.d. heitar lindir og lífríki þeirra og fjöruvistgerðir eins og leirur sem eru algengar í Vatnsfirði.

10. grein fjallar um verndun landslags. Þar segir að "óheimilt [sé] að valda spjöllum á landslagi svæðisins." Líkt og með 2. grein eins og bent var á hér að framan þá er mikilvægt að heimildir sem felast í ákvæðum í 13. grein um landnotkun og mannvirkjagerð og 14. grein um umferð og dvöl gangi ekki gegn þessari grein, og að tryggt verði að heimilaðar framkvæmdir uppfylli skilyrði 10. greinar um að "hafa [ekki] afgerandi áhrif á ásynd svæðisins". Þessi atriði þarf að útfæra betur í stjórnunar- og verndaráætlun með skýra tilvísun í ferli mats á umhverfisáhrifum.

Í 13. grein segir að "allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins" eru "bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist". Það er ekki með öllu skýrt hvaða framkvæmdir og athafnir falla hér undir. Margar framkvæmdir sem tengjast innviðauppbyggingu svo sem vegagerð, virkjanir fallvatna, línu- eða jarðstrenslagnir flutningskerfis raforku, byggingar af ýmsum toga o.fl. samræmast ekki alltaf vel markmiðum um verndun landslags og náttúru en samræmast betur markmiðum um að tryggja almenningi aðgang að svæðinu og að styrkja byggð og atvinnustarfsemi. Það þarf að koma skýrar fram hvers konar framkvæmdir komi til greina og undir hvaða kringumstæðum, og hverjar ekki. Ef það er ekki til umfjöllunar í auglýsingu um friðlýsingu þá þarf það að vera í stjórnunar- og verndaráætlun.

Í greininni er gefið leyfi fyrir hefðbundinni landnotkun ábúenda. Nefnd eru dæmi um í hverju sú landnotkun felst en sá listi þyrfti að vera ítarlegri til að engin óvissa sé til staðar. Telst t.d. skógrækt vera hefðbundin landnotkun eða framræsla votlendis?

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við ákvæði 17. greinar um veiði og notkun skotvopna en telur skynsamlegt að skoða betur við vinnu stjórnunar- og verndaráætlunar hvort einhverjar svæðisbundnar útfærslur um veiðireglur eigi við umfram það sem kemur fram um reglur innan friðlands Vatnsfjarðar. Þá má benda á að það að leyfa veiðar er í raun í mótsögn við ákvæði 9. greinar um að óheimilt sé að trufla dýralíf.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Freyja Pétursdóttir" <[frejja@ust.is](mailto:frejja@ust.is)>  
**To:**  
**CC:**  
**Subject:** Ósk um umsögn - tillaga að friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum  
**Date:** 22.3.2021 10:33:47

Góðan daginn

Í viðhengi er bréf frá Umhverfisstofnun vegna tillögu að friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum.

Í viðhengi eru einnig eftirfarandi skjöl:

- Kort sem sýnir tillögu að mörkum svæðisins ásamt hnitaskrá
- Tillaga að friðlýsingu

**Bestu kveðjur, Best regards**

Freyja Pétursdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)